# Fimmtudagur 15. júní

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Heiða (51).** Teiknimyndaflokkur, byggður á skáldsögu Jóhönnu Spyri. Þýðandi Rannveig Tryggvadóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.15 **Þytur í laufi** (Wind in the Willows). Breskur brúðumyndaflokkur. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir. Sögumaður Árni Pétur Guðjónsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.20 **Ambátt** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.45 **Tommi og Jenni.**
19.55 **Átak í landgræðslu.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Úr fylgsnum fortíðar.** 8. þáttur – Ljósfæri og lýsing. Litið inn á Þjóðminjasafnið undir leiðsögn Guðmundar Ólafssonar fornleifafræðings.
20.45 **Matlock.** Bandarískur myndaflokkur um lögfræðing í Atlanta og einstæða hæfileika hans við að leysa flókin sakamál. Aðalhlutverk Andy Griffith. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
21.35 **Íþróttir.** Stiklað á stóru í heimi íþróttanna hérlendis og erlendis.
22.00 **Hjólað yfir fjallgarða Noregs.** (På sykkel over Norges tak). Fylgst er með tuttugu ferðalöngum á ýmsum aldri, frá öllum heimshornum, sem hjóluðu gamla veginn er lagður var á síðustu öld fyrir vinnuflokkana sem unnu að lagningu járnbrautarinnar milli Oslóar og Björgvinjar. Þýðandi Jón O. Edwald. (Nordvision – Norska sjónvarpið)
22.25 **Verndarenglarnir í New York** (Skytsenglene i New York). Hópur sjálfboðaliða í New York hefur unnið af kappi í baráttunni gegn eiturlyfjasölum og öðrum afbrotamönnum. Í þessum þætti er fjallað um Verndarenglana og Curtis Sliwa, forsvarsmann þeirra. Þýðandi Bogi Arnar Finnbogason. (Nordvision – Danska sjónvarpið)
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Með Beggu frænku.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi. Umsjón: Guðrún Þórðardóttir.
19.00 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Brakúla greifi.** Count Duckula. Bráðfyndin teiknimynd fyrir alla fjölskylduna. Leikraddir: Júlíus Brjánsson, Kristján Franklín Magnús, Þórhallur Sigurðsson og fl.
20.30 **Það kemur í ljós.** Umsjón: Helgi Pétursson. Dagskrárgerð: Maríanna Friðjónsdóttir.
21.00 **Af bæ í borg.** Perfect Strangers. Gamanmyndaflokkur um frændurna Larry og Balki og bráðskemmtilegt lífsmynstur þeirra.
21.30 **Söngurinn lifir.** Lady Sings The Blues. Sannsöguleg mynd sem byggð er á lífi jasssöngkonunnar Billie Holiday.
23.45 **Jassþáttur.**
00.10 **Síðustu dagar Pattons.**
2.35 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Bragi Skúlason flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Randveri Þorlákssyni.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.03 **Litli barnatíminn:** Hanna María eftir Magneu frá Kleifum. Bryndís Jónsdóttir les (9.)
9.20 **Morgunleikfimi.** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn.** Umsjón: Þorlákur Helgason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Verðbólgumenning. Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson.
13.35 **Miðdegissagan** – Í sama klefa eftir Jakobínu Sigurðardóttur. Höfundur lýkur lestrinum.
14.00 **Fréttir.** Tikynningar.
14.05 **Miðdegislögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Leikrit vikunnar:** Draugaskip leggur að landi eftir Bernhard Borge. Framhaldsleikrit í fimm þáttum, annar þáttur: Makt myrkranna. Leikstjóri: Karl Ágúst Úlfsson. Leikendur: Halldór Björnsson, Eggert Þorleifsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Guðbjörg Thoroddsen, Valgeir Skagfjörð, Hallmar Sigurðsson, Sigurður Karlsson, Arnar Jónsson og Hanna María Karlsdóttir. (Endurtekið frá þriðjudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist eftir Pjotr Tsjækovskí.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson og Páll Heiðar Jónsson Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.
19.37 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Einnig útvarpað á sunnudagskvöld kl. 21.10.)
20.00 **Litli barnatíminn:** Hanna María eftir Magneu frá Kleifum. Bryndís Jónsdóttir les (9.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónlistarkvöld Útvarpsins.** – Tónleikar Musica Nova í Gamla bíói í janúar sl. Nýi músíkhópurinn leikur. Kynnir: Bergljót Haraldsdóttir.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.35 **Bjargvættur Guðs.** Lífsferill Nikos Kazantzakis. Umsjón: Gísli Þór Gunnarsson. Lesarar með umsjónarmanni: Helga-Jónsdóttir og Torfi Hjartarson.
23.10 **Gestaspjall** – Samt ertu systir mín. Umsjón: Steinunn Jóhannesdóttir. (Einnig útvarpað mánudag kl. 15.03.)
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Rugl dagsins kl. 9.25. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Sérþarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.05 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir og Ævar Kjartansson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum. – Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu kl. 18.03.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Vernharður Linnet og Atli Rafn Sigurðsson.
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
23.00 **Blús-hátíð á Borginni.** Bein útsending frá blústónleikum á Hótel Borg. Meðal þeirra sem fram koma eru: Halldór Bragason, Þorleifur Guðjónsson, Guðmundur Pétursson, Ásgeir Óskarsson, Hjörtur Howser, Andrea Gylfadóttir, Mickey Dean, Tryggvi Hübner, Björgvin Gíslason og Jens Hansson.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01).
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Paul McCartney og tónlist hans.** Skúli Helgason fjallar um tónlistarferil Paul McCartney í tali og tónum. Þættirnir eru byggðir á nýjum viðtölum við tónlistarmanninn frá breska útvarpinu BBC. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
03.00 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi fimmtudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. 19.00 - **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Við og umhverfið.** E.
14.30 **Elds er þörf.E.**
16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Neðanjarðargöngin 7–9–13.** Óháður vinsældalisti.
21.00 **Úr takt.** Tónlistarþáttur með Hafliða Skúlasyni og Arnari Gunnari Hjálmtýssyni.
22.00 **Tvífarinn.** Tónlistarþáttur í umsjá Ásvalds Kristjánssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

## ALFA FM·102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
21.00 **Biblíulestur.** Frá Krossinum. Gunnar Þorsteinsson.
21.45 **Miracle.**
22.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## SKY MOVIES

4.30 **Viðskiptaþáttur**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur með ráðleggingum.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **The Littles.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaþáttur.
18.30 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
19.30 **The Streets of San Francisco.** Sakamálaþáttur.
20.30 **The Paper Chase.** Framhaldsmyndaflokkur
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Police Story.** Sakamálaþáttur.

## EUROSPORT

9.30 **Trans World Sport.** Fréttir og úrslit.
10.30 **Tennis.** Atvinnumannamót í London. 11.30 **Knattspyrna.** Riðlakeppni heimsmeistarakeppninnar.
13.30 **Hockey.** Alþjóðleg keppni í Berlín.
14.30 **Rugby.** Ástralska deildin.
15.30 **Eurosport Menu.**
17.00 **Mobil Motor Sport News.** Fréttir og fleira úr kappakstur-keppnum.
17.30 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
18.00 **Tennis.** Atvinnumannamót í London.
20.00 **Indy cart.** Keppni í kappakstri í Kaliforníu..
21.00 **Ástralski fótboltinn.**
22.00 **Hockey.** Alþjóðleg keppni í Berlín.

## SKY CHANNEL

15.00 **Pinnochio.**
16.30 **Avalanche Express.**
18.00 **The Young Lions.**
21.00 **FX – Murder by Illusion.**
23.00 **Desperately Seeking Susan.**

## SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
17.30 **Richard Diamond.** Sakamálamyndaflokkur.
18.00 **Jack McCall Desperado.** Kvikmynd.
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **Licence To Kill.** Kvikmynd.
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

### Rás 2 kl. 23.00:

# Blús-hátíð á Borginni



**Meðal gesta á Blúskvöldinu er söngkonan Andrea Gylfadóttir.**

Klukkan ellefu í kvöld hefst bein útsending frá blústónleikum á Hótel Borg. Það er blússveitin Vinir Dóra sem leikur en hún er skipuð þeim Halldóri Bragasyni, Þorleifi Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni, Ásgeiri Óskarssyni og Hirti Howser.

Auk hljómsveitarinnar munu gestahljóðfæraleikarar koma fram en það eru þau Andrea Gylfadóttir, Björgvin Gíslason, Tryggvi Hübner, Mickey Dean og Jens Hansson.



**Diana Ross, í hlutverki Billie Holiday, full af angist og trega.**

### Stöð 2 kl. 21.30:

# Söngurinn lifir

Söngurinn lifir er íslenskur titill myndarinnar Lady Sings the Blues, sem byggir á ævi djasssöngkonunnar Billie Holiday. Billie fæddist í Bandaríkjunum árið 1915 og lést 1959. Foreldrar hennar voru unglingar þegar hún fæddist og var æska hennar vægast sagt ömurleg; aðeins tíu ára að aldri varð hún fórnarlamb nauðgara. Á fjórtánda ári flutti hún ásamt móður sinni til New York og hóf fljótlega að syngja í næturklúbbum í Harlem. Fjórum árum síðar söng hún inn á sínar fyrstu hljómplötur og ferillinn hófst fyrir alvöru. En lífið var ekki dans á rósum fyrir Billie, þrátt fyrir velgengni hennar sem söngkonu. Áfengi og eiturlyf, aðallega heróín, tóku sinn toll. Billie var aðeins 44 ára þegar hún lést á sjúkrahúsi undir eftirliti lögreglunnar, sökuð um að hafa eiturlyf í fórum sínum, niðurlægð og helsjúk.

Með hlutverk Billie fer Diana Ross en aðrir aðalleikarar eru Billy Dee Williams og Richard Pryor. Myndin fær góða dóma í kvikmyndabókunum og þykir Diana Ross gera hlutverkinu góð skil og var útnefnd til óskarsverðlauna. Diana notar eigin söngstíl til að túlka Billie og reynir ekki að líkja eftir fyrirmyndinni. Skiptar skoðanir eru um ágæti myndarinnar sem heimildarmyndar og hætt við að sumum heitustu aðdáendum Billiear þyki farið of frjálslega með staðreyndir og söng. -JJ

### Rás 1 kl. 20.15:

# Tónlistarkvöld útvarpsins

Á tónlistarkvöldi verða að þessu sinni tvær hljóðritanir útvarpsins, annars vegar tónleikaupptaka úr Norræna húsinu, hins vegar stúdíóupptaka með píanóleik Arnar Magnússonar.

Á vegum Musica Nova voru haldnir tónleikar með Nýja músíkhópnum í Norræna húsinu í janúar sl. Stjórnendur voru tveir ungir menn sem enn eru í námi, Guðmundur Óli Gunnarsson og Hákon Leifsson. Þeir stjórnuðu hljómsveit í verkum eftir Íslendingana Hilmar Þórðarson og Atla Ingólfsson, Ítalann Pietro Borradori og Danann Hans Abrahamsen. Auk þess lék Snorri Sigfús Birgisson eigið verk á píanó og flutt var raftónverk eftir Kjartan Ólafsson.

Á seinni hluta tónlistarkvölds verður svo flutt hljóðritun með Erni Magnússyni píanóleikara þar sem hann leikur píanósónötu í h-moll eftir Haydn og tilbrigði eftir Mozart, um menúett eftir Jean-Pierre Duport. Hljóðritun þessa gerði útvarpið í desember á síðasta ári í Langholtskirkju. Kynnir á tónlistarkvöldi er Bergljót Haraldsdóttir.